



Einblöðungur með fréttaskotum úr skólalífinu

Auðvelt aðgengi að upplýsingum um það sem er að gerast í skólalífinu er mikilvægt öllum við jafn stóra stofnun sem Menntaskólinn við Sund. Með þessum einblöðungi er ætlað að koma á mótis við þessa þörf. Framtíðin mun síðan leiða í ljós hvort útgáfa sem þessi muni dafna og verða fastur partur af skólalífinu eða aðrir miðlar taki við þessu hlutverki. *Már Vilhjálmsson*

Öflugt félagslíf við Menntaskólann við Sund

Félagslíf nemenda hefur verið mikið og öflugt í vetur. Hver atburðurinn rekur annan en hér verður aðeins getið nokkurra sem hafa átt sér stað undanfarnar vikur

GETTU BETUR

Menntaskólinn við Sund hefur lokið keppni í spurningakeppni framhaldsskólanna að þessu sinni. Fimmtudaginn 22. mars sl. keppti lið skólans við Borgarholtsskóla í undanúrslitum keppinnar. Keppnin var æsispennandi og bæði liðin stóðu sig afar vel. Lið Borgarholtsskóla sigraði á endasprettinum og er skólinn nú í fyrsta sinn kominn í úrslit í þessari keppni. Til hamingju BHS.

STÆRÐFRÆÐIKEPPNI MS

Verðlaunaafhending í stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanemendur fór fram sunnudaginn 18. mars sl. hér í skólanum. Vegleg verðlaun voru veitt fyrir fyrstu þrjú sætin í hverjum árgangi og efstu 10 nemendurnir í hverjum árgangi fengu sérstök viðurkenningarskjöl fyrir árangurinn.

Að þessu sinni tóku um 150 grunnskólanemendur í 8., 9. og í 10. bekk frá alls 12 grunnskólum þátt í keppninni. Undirbúningur og framkvæmd keppinnar var til fyrirmyndar. Var hún öll á hendi kennara hér við skólann og er þeim þakkað fyrir vel unnin störf.

Styrktaraðilar keppinnar voru að þessu sinni, Búnaðarbanki Íslands, Heimilistæki hf. og Núi-Síríus. Stuðningur þeirra gerði okkur kleift að halda keppnina jafn glæsilega og raun varð. Er þeim þakkaður stuðningurinn.

SÖNGVARAKEPPNI MS

Miðvikudaginn 21. mars sl. var haldin á sal skólans söngvarakeppni nemenda við MS. Keppnin var hin glæsilegasta og var hún í alla staði nemendum til mikins sóma. Þeir sáu alfarið um sviðsetningu, hljóðblöndun, kynningu og tæknistjórnun keppinnar. Óhætt er að segja að fagmannlega hafi verið staðið að öllum undirbúningi enda tókst keppnin með afbrigðum vel. Fjölmargir nemendur stigu á svið og sungu flestir eins og atvinnumenn væru.

Sigurvegarar kvöldsins voru þeir Birgir og Sólmundur. Þeir sungu ítalskt lag með miklum tilþrifum. Í öðru sæti varð Hugi Jónsson og Flosi Jónsson hafnaði í því þriðja. Aðrir keppendur stóðu sig einnig með miklum sóma og var dómnefndin ekki öfundsverð af starfi sínu.

KARTON AF CAMEL

Thalía, leikfélag Menntaskólans við Sund sýnir leikritið Karton af Camel í leikstjórn Agnars Jóns Egilssonar. Leikritið er samið af leiklistarnemendum MS og leikstjóra. Var það frumflutt við mikinn fögnuð áhorfenda. Sýnt er á skemmtistaðnum Spotlight á Hverfisgötu. Eru allir sem hafa á því tók hvattir til þess að mæta og sjá glæsilega sýningu.



stubbur.....

Erfitt skólaár fyrir nemendur og starfsmenn

Núverandi skólaár verður án vafa minnst sem erfiðs tíma en vonandi einnig fyrir þann árangur sem náðist í því að breyta kjörum kennara og skólaumhverfinu. Nemendur munu einkum muna þetta ár vegna þess mikla álags og þeirrar óvissu sem fylgt hefur baráttu kennara fyrir betri kjörum. Langur aðdragandi verkfallsins og verkfallið sjálft olli truflun á námi þeirra sem erfitt getur verið að bæta að fullu fyrir. Það er því mikilvægt að allir, jafnt yfirvöld menntamála, skólinn og starfsmenn hans og nemendurnir sjálfir vinni saman að því að draga úr áhrifum deilunnar. Jákvætt viðhorf, tillitssemi, sjálfsagi og skipulögð vinnubrögð eru lykillinn að því að vel takist í þessum efnum.

Kennsludagar eru færri nú en áður. Þetta þýðir m.a. að farið er hraðar yfir námsefnið. Tími sem nemendur hafa til að lesa fyrir próf og æfingar er minni og álag á kennurum vegna námsmats er meira en áður.

Tölvumál skólans

Verið er að skoða tölvumál skólans og þá möguleika sem eru varðandi uppbyggingu og framtíðarnotkun. Hér er verið að horfa til framtíðar varðandi fyrirkomulag þessara mála. Auðveldar lausnir eru ekki auðsjáanlegar m.a. vegna húsnæðis skólans og kostnaðar við að byggja upp tölvukerfið.

NÝR NETÞJÓNN Í NOTKUN

Tekinn hefur verið í notkun nýr netþjónn. Þegar hann er kominn í fulla notkun mun öll vinnsla á tölvukerfinu verða léttari og öruggari. Næstu daga verður tekin í notkun ný vírusvörn sem gerir t.d. notkun á tölvupósti mun öruggari en áður gagnvart vírusum.

HEIMASÍÐA SKÓLANS Í ENDURSKOÐUN

Verið er að vinna í endurskoðun heimasíðu skólans og mun hún breytast enn frekar á næstunni. Til stendur á næsta skólaári að skipa ritnefnd sem bera mun ábyrgð á því efni sem sett verður upp á vef skólans.

NÝIR MÖGULEIKAR VARÐANDI PRENTUN

Hægt er nú að prenta glærur í lit án þess að þurfa að standa yfir prentaranum á meðan. Prentarinn sem um er að ræða er LEXMARK710 lita í Þrætumóa. Þegar er prentað er valið: "Properties/papers source/transparency."



Húsnæðismál Menntaskólans við Sund

Eins og kunnugt er hefur sameiginleg nefnd ríkis og Reykjavíkurborgar skilað skýrslu til borgarstjóra og menntamálaráðherra sem inniheldur tillögur um nýbyggingar framhaldsskóla í Reykjavík á næstu árum. Nú hefur menntamálaráðuneytið sótt um lóð hjá Reykjavíkurborg fyrir Menntaskólann við Sund. Hér hefur því verið tekið mikilvægt skref í húsnæðismálum Menntaskólans við Sund.